

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn þann 7. maí 2021 í máli nr. 76/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 4. ágúst 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla. Í kvörtun sinni krefst sóknaraðili þess að honum verði ekki gert að greiða fyrir vinnu varnaraðila við viðgerð á þaki fasteignarinnar að [...], þar sem verkið í heild hafi verið haldið galla. Sóknaraðili krefst þess einnig að kostnaður vegna þeirra verka, sem unnin voru í tímavinnu umfram tilboð varnaraðila, verði færður niður í samræmi við tilboð varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að honum verði ekki gert að greiða fyrir þau aukaverk sem ekki hafi verið samið um. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða fyrir fullnægjandi úrbætur á þakinu, sem feli í sér að allt efni verði rifið af og verkið framkvæmt að nýju. Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 5. ágúst 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 19. ágúst 2020. Þann 24. ágúst 2020 bárust nefndinni athugasemdir frá sóknaraðila vegna andsvara varnaraðila. Athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 8. september 2020. Frekari athugasemdir bárust frá sóknaraðila 22. desember 2020 og frá varnaraðila þann 29. desember árið 2020.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, athugasemda sóknaraðila og athugasemda varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, samantekt sóknaraðila á málsatvikum, samningur um vinnu verksins, afrit af reikningum vegna verksins, afrit af samskiptum milli lögmannna sóknaraðila og varnaraðila, afrit af reikningum lögmanns sóknaraðila, myndir af þakinu fyrir upphaf verksins, myndir af framvindu verksins, myndir af þakinu að verkinu loknu, leiðbeiningar frá Grovik, framleiðanda þakrennunnar sem notuð var til verksins, álit fjögurra fagaðila á ágreiningnum, þar af þrjú þeirra lögð fram af sóknaraðila og eitt af varnaraðila, svo og umboð vegna reksturs málsins fyrir kærunefndinni. Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa leitaði, með beiðni dagsettri þann 9. janúar 2021, álits sérfróðs aðila til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Álit sérfróðs aðila og athugasemdir málsaðila er að finna í málgögnum.

Með bréfi, dags. 12. október 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar. Með bréfi, dags. 22. desember 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði framlengt frest sinn til úrskurðar um 90 daga í

samræmi við heimild 2. mgr. 13. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili hafi leitað tilboðs hjá varnaraðila vegna vinnu við fasteign í eigu sóknaraðila og eiginkonu hans að [...]. Vinnan fólst í að skipta út gluggum í fasteigninni ásamt því að framkvæma endurbætur á þaki fasteignarinnar með því að endurnýja fúin klæðningarborð, þakpappa og þakjárn.

Varnaraðili gaf sóknaraðila tilboð í verkið sem var sundurliðað í greiðslu að fjárhæð 1.200.000 krónur vegna glugga, vinnu, efni til ísetningar, ferðir og fæði, en að undanskildu kaup- og flutningsverði glugganna. Förgun á rusli var ekki sögð innifalin í tilboðinu. Uppsetning og leiga á stillönsum var að fjárhæð 250.000 krónur samkvæmt tilboði varnaraðila og átti að nota þá við vinnu við glugga og þak. Tilboð varnaraðila vegna þaksins var að fjárhæð 1.590.000 krónur „með efni járn naglar pappi. Kjöljárn og vinna við kjöl unnið í tímavinnu. Þetta miðast við að rífa járn, rífa pappa, leggja nýjan pappa og svo járníð. Ef það þarf að ski[p]ta um timbur og eða negla timburklæðningu uppá nýtt er það ekki innifalið“. Slík verk verða unnin í tímavinnu samkvæmt tilboðinu auk vinnu við kjöljárn og kjöl. Varnaraðili tók fram að tilboðið fæli ekki í sér uppsetningu þakrenna, ekki hafi verið reiknað með rennum þar sem þær væru ekki á fasteigninni áður. Þá sagði að ef sóknaraðili óskar eftir þakrennum geti varnaraðili gert það en „það þarf þá að breyta þakkantinum eitthvað til að geta skrúfað rennuböndin upp af því að frambrúnin er svo lítil minnir mig. Önnur leið er að setja rennubönd sem skrúfast ofan á borðaklæðninguna og eru undir hábáru. En það hefur þann ókost að lítið er hægt að gera eftir að járníð er komið á ef eitthvað kemur uppá með rennurnar.“ Sóknaraðili óskaði í kjölfarið eftir tilboði við uppsetningu þakrenna og við förgun á rusli sem varnaraðili varð við. Tilboð við uppsetningu þakrenna var að fjárhæð 525.000 krónur og 50.000 krónur fyrir förgun á rusli og féllst sóknaraðili á það.

Verkið var unnið í ágúst árið 2019. Sóknaraðili kveðst ekki hafa haft tók á að vera á staðnum á þeim tíma vegna búsetu í öðrum landshluta. Þann 22. ágúst 2019 var sóknaraðila tilkynnt að verkinu væri lokið og sóknaraðila sendar myndir af verkinu af hálfu varnaraðila. Sóknaraðili hefur gert athugasemdir við þann hluta þjónustunnar sem varðar þak fasteignarinnar og uppsetningu þakrenna. Telur sóknaraðili þann hluta þjónustunnar haldinn margvíslegum göllum. Gallarnir fólust að mati sóknaraðila í mistökum við uppsetningu þaksins, járnns, timburs og þakrenna. Hafi verkið verið unnið illa og í ósamræmi við góðar venjur sem leiði til þess að virkni þaksins og þakrenna sé ekki eins og hún á að vera, auk þess að fela í sér útlitslega galla. Sóknaraðili hefur einnig gert athugasemdir við kostnað verksins utan tilboðsins sem hann telur óvenju mikinn auk þess sem honum hafi ekki verið tilkynnt um aukinn kostnað. Greiðslukrafa varnaraðila vegna verka sem unnin voru í tímavinnu og þeirra sem ekki voru tilgreind í tilboðinu var alls að fjárhæð 1.121.052 krónur. Sóknaraðili kveðst hafa greitt fyrir þann hluta verksins er varðar ísetningu glugganna en þó hafi hann dregið frá þann kostnað sem hafi verið greiddur fyrir efni á þakið. Eftirstöðvar greiðslukröfu varnaraðila hafa ekki verið greiddar.

III.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili telur að vinna varnaraðila við þakið sé haldin galla í heild. Þörf sé á að fjarlægja mestallt timbur og járn af þakinu og framkvæma verkið að nýju með nýju efni. Timburvinnan hafi verið unnin með óvönduðum hætti og skaðað útlit fasteignarinnar. Varnaraðili hafi bætt við timbri á endum þaksins á ójafnan hátt sem hafi skaðað útlit þaksins. Þá hafi kjölurinn verið staðsettur með öðrum hætti en hann var á þakinu áður

þannig miðja hans mæti ekki horni þaksins heldur sé staðsett nokkuð frá horninu. Skaði það verulega heildarásýnd og útlit fasteignarinnar. Sóknaraðili bendir einnig á að gamli kjölurinn hafi falið timbur á endum þaksins sem nú sé sýnilegt. Slíkt timbur eigi ekki að vera sýnilegt. Sóknaraðili telur að þörf hafi verið á flasningum til að vernda timbur undir járn þaksins og að varnaraðila hafi borið að upplýsa sóknaraðila um það. Timbrið liggir nú óvarið fyrir snjó og rigningu sem valdi skemmdum.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki fylgt mikilvægum atriðum sem framleiðandi mælir fyrir um í leiðbeiningum sínum um uppsetningu þakrennanna til að styrkja burðargetu þeirra með festingum á um 40 cm millibili á svæðum þar sem snjóþungi er mikill. Bilið sé á milli 52 til 53 cm. Þá sé samkvæmt framleiðanda unnt að nota aukinn stuðning við festingarnar sem styrkir rennurnar en varnaraðili hafi ákveðið að sleppa þeim án þess að tala við sóknaraðila. Þá safnist saman snjór á járn þaksins og þar sem bárujárnið sé svo stutt lendi öll þyngdin á rennunum í stað þess að falla til jarðar yfir rennurnar. Muni það leiða til skemmda og bilunar í rennunum. Rennurnar eru ekki beinar að mati sóknaraðila heldur beygist þær til á sumum stöðum. Í stað þess að beygja byggingarefnið hafi verið boruð göt og skrúfað inn í járníð, líklega til að styrkja burðargetu, en að sögn sóknaraðila á ekki að bora göt í rennurnar. Geti það takmarkað styrkleika rennanna með tímanum þar sem þær færast í vindi og skrúfurnar, sem festingar, muni að endingu losna. Þá hafi járníð og þakrennur orðið fyrir tjóni vegna gata við uppsetningu þeirra og sé því ekki unnt að nýta efnið að nýju.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því að upprunalegu útliti fasteignarinnar yrði haldið eins og unnt væri. Hafi því verið þörf á að ræða framkvæmd allra aukaverka fyrirfram og segir sóknaraðili að hann hefði líklegast ekki samþykkt þau. Varnaraðili hafi reglulega upplýst sóknaraðila um framvindu verksins en ekki hafi verið gerðar neinar athugasemdir um framvinduna eða tilkynnt um vandamál við vinnu verksins, ákvarðanir sem eigandi þurfi að taka eða um aukinn kostnað við verkið.

Sóknaraðili bendir á að sum aukaverka, líkt og loftræstigöt í sýnilegu timbri, hafi eyðilegt upprunalegt útlit þaksins og þörf sé á úrbótum vegna þeirra. Þá segir sóknaraðili að greiddar hafi verið 250.000 krónur fyrir uppsetningu og notkun stillansa en þeir hafi verið fjarlægðir áður en sóknaraðili hafði samþykkt að verkið hafi verið fullnægjandi. Úrbætur á þakinu muni því krefjast aukins kostnaðar við uppsetningu stillansa að nýju. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi ekki óskað eftir leyfi til að brjóta steypu við gamlan skorstein á þakinu og ekki sýnt fram á að það verk hafi verið unnið. Sóknaraðili telur sér ekki skylt að greiða fyrir þá vinnu. Sóknaraðili telur að kostnaður vegna verksins hafi verið hærri en um var samið og eðlilegt geti talist. Kostnaður við að henda rusli hafi til að mynda verið þrefalt hærri en samið var um þar sem 98.544 krónur hafi bæst við umsamda fjárhæð 50.000 krónur.

III.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir á að í tilboði sínu hafi falist fast verð við að rífa járn og pappa af þakinu, leggja nýjan þakpappa og leggja síðar nýtt járn á þakið. Í tilboðinu hafi sérstaklega verið tekið fram, þann 27. febrúar 2019, að kjöljárn og vinna við kjöl verði unnin í tímavinnu vegna óvissu um vinnu slíkra verka. Einnig hafi verið tekið fram að ef skipta þurfi um timbur eða negla timburklæðningu upp á nýtt sé það ekki heldur innifalið í tilboðinu. Hafi það verið ítrekað í tölvupósti þann 10. júní árið 2020. Varnaraðili hafi tekið sérstaklega fram að báðir aðilar þurfi að vera meðvitaðir um þetta áður en verkið hefjist svo ekki komi upp leiðindi sökum misskilnings við uppgjör.

Telur varnaraðili að hann hafi uppfyllt upplýsingaskyldu og leiðbeiningaskyldu sína við framkvæmd verksins í samræmi við ákvæði laga nr. 42/2000 um þjónustukaup

og bendir á að það sjáist á samskiptum málsaðila á meðan verkið var unnið. Sóknaraðili hafi ekki komið neinum athugasemdum á framfæri á meðan verkið var unnið þrátt fyrir að hafa verið upplýstur um framgang verksins og hvernig það færi fram. Þá liggja ekkert fyrir um að kostnaður við verkið hafi verið ósanngjarn en sóknaraðili beri sönnunarbyrðina fyrir því. Kostnaður hafi ekki fallið til vegna einhvers sem varðar varnaraðila heldur hafi verið um kostnað að ræða við aukaverk sem sóknaraðili hafi verið upplýstur frá upphafi um að myndi falla til. Sóknaraðili hafi ekki getað ætlast til þess að heildargreiðsla fyrir verkið næmi tilboðsfjárhæðinni þar sem ljóst var að heildarfjárhæðin yrði hærri, líkt og hafi komið skýrlega fram í tölvupóstsamskiptum málsaðila.

Varnaraðili tekur fram að við upphaf verksins hafi komið í ljós að klæðningin undir gamla þakjárninu hafi verið léleg og skort hafi alla öndun í þakið. Hafi því verið ljóst að skipta yrði um öll neglingarborð. Þá hafi lóðrétti flötur þakskyggisins, sem er úr hefluðu tommuborði, verið alveg ónýtur á austur, suður og vesturhlið. Varnaraðili hafi því hefлаð nýjar spýtur, sagað þær til og skipt þeim út þar sem þær voru ónýtar á sama tíma og neðsta neglingarborðinu var skipt út. Til þess að tryggja nægilega öndun inn á þakið kveðst varnaraðili hafa borað öndunargöt neðan í þakskyggnið og brotið loftunarrásir í steypu á milli allra sperra. Áður hefði verið steipt alveg slétt upp undir trommuklæðningu sem kom í veg fyrir öndun í þakinu. Varnaraðili hafnar því að galli felist í því að hafa gert holur í þakið. Sú aðgerð hafi verið nauðsynleg þar sem í ljós hafði komið að notað hafi verið lélegt timbur þegar þakinu var breytt. Hafi slík aðgerð verið í samræmi við faglegan og eðlilegan frágang á þakinu og sóknaraðili verið upplýstur um það.

Varnaraðili bendir á að skorsteinninn á þakinu hafi ekki verið í notkun þegar vinna var hafin og sóknaraðila hafi verið tilkynnt um það að skorsteinninn hefði verið brotinn lengra niður í tölvupósti þann 12. ágúst 2019 án þess að sóknaraðili gerði nokkrar athugasemdir við það. Skorsteinninn hafði áður verið brotinn niður en þó aðeins rétt niður fyrir járn. Aðeins hafi verið pappi og engin klæðning yfir honum. Var hann því brotinn lengra niður, sett steinull ofan í hann svo ekki andi heitu lofti upp undir þakið, og síðar klætt yfir með tommuklæðningu.

Varnaraðili hafnar því að hann hafi skemmt upprunalega ásýnd fasteignarinnar eða breytt útliti fasteignarinnar. Hafi varnaraðili aðeins endurnýjað það sem var ónýtt með hefðbundnum hætti, enda hafi engar sérstakar óskir um útlit komið fram frá eigendum fasteignarinnar. Kjölur kjöljárnsins hafi verið settur á miðjuna þar sem þakfletirnir mætast. Hins vegar hafi áður verið byggt við húsið og þakfletirnir kyssist því ekki á horni hússins. Þá segir varnaraðili að rennurnar séu ekki ranglega settar upp. Bendir varnaraðili á að við notkun slíkra rennubanda sé ekki unnt að nota flasningu nema að þakið sé lektað upp líkt og sjáist á skýringarmyndum frá framleiðanda. Sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því að þakið yrði lektað upp eða óskað eftir flasningu. Þau rennubönd sem voru notuð hafi verið valin í stað rennubanda sem skrúfuð eru framan á þakkantinn því annars hefði þurft að breyta þakkantinum, styrkja hann og síkka til að hægt væri að skrúfa rennuböndin framan á svo rennurnar sætu nægilega neðarlega. Hefði sú framkvæmd kostað töluvert meira en sú sem varð fyrir valinu. Þá sé millibil rennubanda um 50 cm og þar af leiðandi 10 cm minna en hefðbundið bil, sem er af framleiðanda sagt 60 cm, til að veða á móti snjóþunga. Ytri brún rennanna er að sögn varnaraðila undir flúttlínu lágbáru á járnri og vatn skilar sér því vel í rennurnar að sögn varnaraðila. Varnaraðili tekur einnig fram að þakjárnrið sé af hefðbundinni lengd og standi um 3,5 til 4 cm fram fyrir neðsta klæðningarborðið. Sóknaraðila hafi verið sendar myndir 10. ágúst þar sem sjáanlegt er hversu langt þakjárnrið stendur út fyrir og afstaða rennubands og járnss sést greinilega. Engar athugasemdir hafi verið gerðar. Þá bendir varnaraðili á að hann hafi ekki sett spýtur framan á þakkantinn sem þurfi að mála heldur hafi aðeins verið skipt út ónýtum spýtum.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að þjónustan hafi verið haldin galla. Aðeins hafi verið lagðar fram innihaldslausar fullyrðingar um ummæli frá sérfræðingum án þess að gögn þess efnis séu lögð fram. Eina málsgagnið sé einhliða skýrsla sóknaraðila. Kveðst varnaraðili hafa samþykkt að leitað verði til óháðs aðila við mat á galla en sóknaraðili hafi ekki gert það eða sýnt með öðrum hætti fram á galla á þjónustu varnaraðila. Þá bendir varnaraðili á að eiginkona sóknaraðila, sem einnig er annar eigandi fasteignarinnar, teljist sérfróð á þessu sviði sem byggingarverkfræðingur. Gildi því bæði strangari kröfur gagnvart sóknaraðila og vægari upplýsingaskylda gagnvart varnaraðila. Þrátt fyrir það hafi varnaraðili farið í öllu eftir upplýsingaskyldu sinni.

III.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila bendir sóknaraðili á að gamla þakið á fasteigninni hafi litið vel út en verið farið að leka og því hafi þakinu verið skipt út. Telur sóknaraðili að verkið sé haldið áberandi galla sem rýri verðmæti fasteignarinnar verulega. Þá verði erfitt að selja fasteignina með þessu þaki og rennum. Þá segir sóknaraðili að hann hafi einnig orðið fyrir tjóni þar sem ekki hafi verið unnt að halda áfram framkvæmdum innanhúss vegna hættu á leka frá nýja þakinu. Varnaraðili hafi reglulega sent myndir í tölvupósti ásamt lýsingu á þeirri vinnu sem unnin var hvern dag en aldrei hafi verið rætt um kostnað vegna aukaverkanna. Þá hafi ekki fengist samþykki fyrir vinnu við að brjóta skorstein, brjóta fyrir loftun eða borun í borð á klæðningu undir þakbrún. Kveðst sóknaraðili hafa vitað að skipta yrði út einhverjum borðum en aldrei hafi verið minnst á umfang eða kostnað fyrr en heildarreikningur barst. Þá hafi verið samþykktur reikningur við að fjarlægja rusl að fjárhæð 50.000 krónur en síðar hafi tvöfalt hærri aukareikningur borist.

Sóknaraðili bendir á að engin sönnun sé fyrir því að verkið við skorsteininn hafi verið unnið, ekki hafi heldur verið sýnt fram á að vinna hafi verið unnin við að brjóta fyrir öndun milli sperra, þá hafi tekið 62 klukkustundir að skipta um timbur sem sóknaraðili telur langt umfram það sem búast mætti við. Auk þess hafi handahófskennd göt verið boruð undir þakbrúnir sem sögð eru fyrir loftun en sú vinna hafi ekki verið samþykkt af sóknaraðila. Þó það þurfi loftun í þakið kveðst sóknaraðili ekki hafa samþykkt slík vinnubrögð. Götin hafi ekki aukið loftun heldur frekar gert ástandið verra og meiri líkur séu á fúa í slíkum götum. Þá hafi varnaraðili upp á sitt einsdæmi ákveðið að láta kjöl enda langt frá horni þakbrúnar, að láta sjást undir járníð í bert timbrið og að þvinga þakrennur niður fyrir hornið. Þá hafi varnaraðili lagt fram gögn um að ekki sé unnt að ganga frá þakinu á annan hátt. Telur sóknaraðili að varnaraðila hafi borið að upplýsa um vandræði við vinnuna þannig að sóknaraðili hafi getað dregið sig úr samningssambandinu þegar ljóst var að ekki væri unnt að ganga frá þakinu með fullnægjandi hætti. Hefði sóknaraðili þá leitað að öðrum verktaka í verkið. Varnaraðili hafi ákveðið að opna norðurhlið þaksins og skipt út pappa, svo og sett járníð og rennuböndin án þess að hugsa til þess hvernig hann muni ganga frá restinni af þakinu. Þá bendir sóknaraðili á að lög nr. 42/2000 um þjónustukaup veiti verktaka ekki leyfi til að veita slæma þjónustu eða krefjast greiðslu umtalsverðs umframkostnaðar óháð því hvort neytandi er verkfræðingur eða ekki.

III.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum tekur varnaraðili fram að þær kröfur sem sóknaraðili gerir í málinu séu óljósar og erfitt fyrir varnaraðila að átta sig á þeim. Óháð því bendir varnaraðili á úrbótarétt seljanda samkvæmt 16. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Varnaraðili

telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að verkið hafi verið haldið galla. Þau gögn sem sóknaraðili hafi lagt fram í athugasemdum sínum hafi verið aflað einhliða og byggð á upplýsingum sem aðeins bárust frá sóknaraðila. Sé því ekki unnt að líta til þeirra við úrlausn málsins. Þeir aðilar hafi ekki farið á staðinn og gert úttekt eða aflað upplýsinga frá báðum málsaðilum. Varnaraðili bendir á að þakið hafi verið unnið með réttum hætti og enginn leki hafi orðið frá þakinu þrátt fyrir orð sóknaraðila. Þá telur varnaraðili að sóknaraðili hafi þurft að leggja fram slík gögn með upphaflegri kvörtun en ekki síðar með andsvörum sínum. Varnaraðili ítrekar að hann hafi margoft boðið sóknaraðila að fá óháðan matsmann til að meta verkið en það hafi ekki verið gert, heldur aðeins verið aflað einhliða álits sem hafi í dómaframkvæmd og skrifum fræðimanna verið talin hafa takmarkað sönnunargildi. Varnaraðili bendir einnig á að þau aukaverk sem sóknaraðili vísar til séu ekki viðbótarverk í skilningi þjónustukaupalaga heldur sé um að ræða vinnu sem unnin var í tímavinnu. Sóknaraðila hafi verið ljóst frá upphafi að slík vinna yrði unnin í tímavinnu.

Varnaraðili tekur fram að sóknaraðila hafi verið gert tilboð í gluggaskipti og vinnu við þak að fjárhæð 4.269.000 krónur og vinna í tímavinnu hafi verið að fjárhæð 1.832.021 krónur. Í samskiptum málsaðila hafi sóknaraðila verið skýrlega greint frá því hvað væri innifalið í tilboðinu og hvað yrði unnið í tímavinnu. Reikningar vegna tilboðsins hafi að endingu verið lægri en í tilboðinu eða að fjárhæð 4.216.851 krónur. Þá bendir varnaraðili á að í tölvupósti frá 10. júní 2019 hafi sóknaraðila verið greint frá því að breyta þurfi þakkantinum ef ætlunin sé að setja upp þakrennur, en engar athugasemdir hafi borist frá sóknaraðila. Tilboð að fjárhæð 525.000 krónur hafi verið gert í þakrennur en reikningur fyrir vinnu og efni hafi alls verið að fjárhæð 542.300 krónur. Varnaraðili bendir á að reikningar vegna verka sem unnin hafi verið í tímavinnu séu í samræmi við þær upplýsingar sem sóknaraðila hafi verið veittar fyrir upphaf verksins. Varnaraðili hafi lagt fram sundirliðun á þeim tveimur reikningum sem varða tímavinnu ásamt skráningu á vinnutímum. Bendir varnaraðili á 28. gr. þjónustukaupalaga um að neytanda beri að greiða það verð sem telja má sanngjarnt þegar ekki hefur verið samið um verð. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að krafa varnaraðila sé ósanngjörn eða óeðlileg.

Varnaraðili tekur fram að sóknaraðili hafi ekki enn greitt útgefna reikninga þrátt fyrir innheimtuviðvörðun. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki heimild til að halda aftur af greiðslu sinni þar sem hvorki hafi verið sýnt fram á galla á verkinu eða óeðlilega greiðslukröfu.

III.5. Álit sérfróðs aðila

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa leitaði, með beiðni dagsettri þann 9. janúar 2021, álits sérfróðs aðila til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Með álitu sínu leitaðist sérfróði aðilinn við að svara fræðilegum spurningum nefndarinnar um vinnu verksins. Álit sérfræðingsins takmarkast við þá staðreynd að honum var ekki fært að skoða fasteignina, sem staðsett er á Fáskrúðsfirði, við málsmeðferð hjá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Í fyrra álitu sínu, dags. 22. janúar 2021, bendir sérfræðingurinn á að neðsta timburborðið, hægra megin við kjöljárn, við viðbyggingu við fasteignina, hefði þurft að vera lengra. Kjölurinn virðist því vera skakkur á mæni. Gerir sérfræðingurinn þann fyrirvara að skoða yrði þakið á vettvangi til að vera viss um að kjölurinn sé ekki mislangur. Að sögn sérfræðingsins hefði ekki átt að breikka þennan hluta þaksins án þess að gera slíkt hið sama á öllum hliðum því borðaklæðningin ætti að vera söguð í 45° á úthornum. Það hafi ekki verið gert þar sem sjá megi í um 7,5 cm endatré. Ef endurnýjun borðaklæðningar hefði verið rétt ætti klæðningin að mætast á hornum. Virðist

undirbúningsvinna fyrir niðurlögn aðalvatnsvarnar og bárujárns því að hans mati ekki rétt framkvæmd og ekki verið gætt að sameiningu þakflata í valmaþakinu. Í álitinu tekur sérfræðingurinn fram að niðurlögn bárujárns sé ekki í samræmi við góðar venjur þar sem ekki hafi verið gætt að því að áðurgreindar borðaklæðningar mætist við mæni. Það valdi því að hliðar kjöljárns verði mislangar. Að áliti sérfræðingsins er um útlitslegt lýti að ræða en ekki atriði sem hafi áhrif á virkni eða endingu þaksins. Hefði útlit þaksins að hans mati verið betra ef úthorn hefðu náð saman og þannig væri komið í veg fyrir stöllum á kjöljárni. Þá sé ekki ráðlagt að leggja þakpappa og setja bárujárn ef þakhalli er undir 14° samkvæmt byggingareglugerð. Sérfræðingurinn bendir einnig á að þakrenna sígur á einum stað þar sem rennubandið situr ekki í þar til gerðri rauf á rennu. Skekkjur megi einnig finna á úthornum á þakrennuni sem rekja megi til breikkun þakflata og ósamræmis á úthornum. Skekkjan færir því yfir á þakjárn, kjöljárn og þakrennur þar sem borðaklæðningin mætist ekki í 45° á úthornum. Við það að negla rennuböndin ofan á borðaklæðninguna elti rennuböndin ósjálfrátt skekkjur á þakinu. Að áliti sérfræðingsins er frágangur við borun loftræstigata ekki samkvæmt góðum venjum þar sem bil milli gata er ójafnt og munstur verður reikult. Götin muni hins vegar bæta loftun þakvirkisins. Sérfræðingurinn bendir á að nú sé sjáanlegt timbur undir járnaklæðningunni milli þaksins og þakrenna. Að áliti sérfræðingsins hefði verið ákjósanlegt að setja upp flasningu sem færi upp bárujárnið og ofan í rennu. Nú sé hætt á að snjór eða úrkoma blási upp undir bárujárnið, undir þakpappann og inn í þakkant með tilheyrandi rakaskemmdum. Þurfi því að koma fyrir flasningu eða svuntu undir bárujárnið, u.þ.b. 20 cm, þar sem þakkantur er ber og án vind- eða vatnsvarnar sem valdið geti rakaskemmdum í mikilli úrkomu. Til að koma því fyrir þurfi að losa neðstu neglingarröðina á bárujárninu, sem hægt er að gera án þess að skemma járníð með ákveðnu verkfæri. Svo yrði hægt að setja svuntuna eða flasninguna inn fyrir járníð.

Sérfræðingurinn telur að virkni þakrenna sé ekki skert og mögulegt sé að stilla skekkju á rennuböndum með handafli. Þá sé ástæða fyrir snúning á hornum þakrenna sú að þakgerðin er mishallandi valmaþak og hefði því þurft að beygja rennubönd með mismunandi gráðum eftir þakflötum. Þá hefði þurft að láta þakrennur flúttu fyrir hornin. Til þess að laga skekkju á úthornum, sem er aðallega útlitslegur galli, sé hins vegar þörf á meiri aðgerðum með tilheyrandi niðurrifi og endurnýjun á hluta bárujárns þar sem það sé of stutt. Sérfræðingurinn telur kostnað verksins ekki óeðlilegur og í samræmi við umfang verksins.

Í kjölfar þess að framangreint álit var birt málsaðilum bærust athugasemdir frá sóknaraðila og varnaraðila. Þar var sérfræðingnum meðal annars gerð grein fyrir því að byggt hafi verið við fasteignina áður en varnaraðili hóf vinnu sína við þakið. Taldi sérfræðingurinn þörf á viðbótaráliti af þeim sökum og afhenti það til nefndarinnar. Í viðbótarálitinu er niðurstaða sérfræðingsins breytt að hluta til. Þar bendir sérfræðingurinn á að breytilegur þakhalli eigi ekki að hafa áhrif á legu þakkants. Ef sperrur hafa hins vegar verið ójafnar og mislangar fyrir framkvæmd varnaraðila þá hafi það áhrif á legu kjöljárns, lengd bárujárns og úthorn þakrennu. Telur sérfræðingurinn að af því leiði að skekkja á úthornum hafi verið til staðar áður en vinna varnaraðila hófst. Þá hefði ekki verið hægt að leggja þakjárníð og kúlukjöl með öðrum hætti en gert var, þar sem að sperruendar nái ekki jafn langt frá útveggjum. Við það myndist skekkja á úthornum. Til að laga úthornin hefði þurft að eiga við burðarvirki þaksins, þ.e. stytta allar sperrur eða lengja hluta þeirra, sem hefði falið í sér mun meiri vinnu og kostnað. Þá sé staðsetning þakrenna þess eðlis að minni líkur séu á því að snjór renni af bárujárni og rífi niður þakrennurnar sökum snjóþunga. Ef rennurnar væru ofar, nær bárujárninu, sé meira álag á þakrennurnar ef mikill snjóþungi hvílir á þeim.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili gerðu samning um þjónustu varnaraðila við að skipta út gluggum og framkvæma endurbætur á þaki fasteignar í eigu sóknaraðila sem fólst í endurnýjun þakpappa og þakjárnns ásamt því að endurnýja fúin klæðningarborð og setja upp þakrennu. Samningurinn komst á í kjölfar tilboðs varnaraðila í verkið. Samkvæmt tilboðinu var greiðsla sóknaraðila fyrir útskipti á gluggum og vinnu við ísetningu að fjárhæð 1.200.000 krónur að undanskildu kaup- og flutningsverði glugganna. Uppsetning og leiga á stillönsum var að fjárhæð 250.000 krónur og átti að nota þá við vinnu við glugga og þakið. Tilboð varnaraðila vegna vinnu við þakið var annarsvegar samkvæmt uppgefnu tilboðsverði að fjárhæð 1.590.000 krónur fyrir að fjarlægja gamla þakjarnið og þakpappa, svo og leggja nýjan þakpappa og þakjárn með efniskostnaði inniföldum fyrir þakjárn, pappa og nagla. Uppgefið tilboðsverð við að setja upp þakrennu var að fjárhæð 525.000 krónur og 50.000 krónur fyrir að farga rusli. Hins vegar var samið um vinnu við kjöljárn, kjöl, útskipti á timbri og timburklæðningu eftir þörfum, í tímavinnu.

Varnaraðili vann verkið í ágúst árið 2019 en sóknaraðili hafði ekki tók á að vera á staðnum vegna búsetu í öðrum landshluta. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi haldið sóknaraðila upplýstum um framgang verksins með tölvupóstum. Varnaraðili tilkynnti sóknaraðila um verklok þann 22. ágúst 2019 og fjarlægði stillansa af svæðinu.

IV.1. Galli

Sóknaraðili telur að vinna varnaraðila við endurbætur á þakinu hafi verið haldin margvíslegum göllum sem leiði til þess að rífa þurfi járn og rennur af þakinu, jafna viðbætur við timburklæðningu, setja upp þakrennur að nýju ásamt styrktarböndum vegna snjóþyngsla, setja flasningar fyrir ofan þakrennur, setja kjöl milli þaks og þakrenna, leggja þakpappa að nýju, svo og leggja nýtt járn á þakið sem nær út fyrir brúnir þess.

Mælt er fyrir um galla á þjónustu í 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.). Ákvæðið er svohljóðandi:

„9. gr. Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.“

Meginreglan er sú að neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að seld þjónusta sé haldin galla þegar áhættan af hinni seldu þjónustu hefur flust til neytandans.

IV.1.1. Ásýnd fasteignarinnar

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi breytt ásýnd fasteignarinnar með þeirri aðferð sem hann notaði við framkvæmd verksins. Hafi varnaraðili valdið skekkju á þakinu sjálfu, kjöljárni, timbri í þakkanti og á þakrennu. Ójafnt timbur hafi verið notað og með því að leggja þakpappa og járn á einn hluta þaksins í einu hafi heildarmynd þaksins orðið skökk. Að mati sóknaraðila hefði mátt koma í veg fyrir þær afleiðingar með því að vinna verkið allt í einu, leggja fyrst þakpappa á allt þakið og síðar járneið.

Af gögnum málsins verður ráðið að áður en varnaraðili vann verkið hafi verið byggt við fasteignina til norðurs og þakið hafi verið framlengt yfir viðbygginguna sem hafði í för með sér minnkaðan þakhalla á hluta þaksins. Það liggur því fyrir að skekkja var til staðar í þakinu áður en varnaraðili hóf verkið en ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um skekkjuna og umfang hennar, hvorki fyrir eða eftir að verki varnaraðila var lokið. Sóknaraðili kveðst ekki hafa upplýsingar um það hvenær viðbyggingin var byggð og hvort þakið hafi áður verið endurnýjað í heild eða hluta fyrir eða eftir þá framkvæmd. Í þjónustu varnaraðila fólst endurnýjun klæðningarborða eftir þörfum, lagning þakpappa og lagning járnns á þakið. Varnaraðili vann samkvæmt málsgögnum ekki við sperrur eða burðarvirki þaksins og breytti ekki þakhallanum. Ekki verður séð að óskað hafi verið eftir slíkri vinnu af hálfu varnaraðila þrátt fyrir að skekkja þaksins og mismunandi þakhalli hafi verið sýnilegur áður en verkið var unnið.

Sóknaraðili hefur einnig bent á að kjölurinn sem notaður var til verksins sé ólíkur þeim sem áður var á þakinu og staðsetning horna breyti ásýnd fasteignarinnar til hins verra. Við endurnýjun þaksins var notaður kúlukjölur. Á hinu eldra þaki var V-kjölur en kúlukjölur er almennt frekar notaður nú til dags. Kúlukjölur er keyptur tilbúinn og honum er ekki breytt eftir kaupin. Ekki verður séð að sérstaklega hafi verið samið um það hvernig kjölur þaksins ætti að líta út eða að útlit hans nú sé í ósamræmi við samning málsaðila. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að kjöljárnið hafi verið lagt á þakið með röngum hætti þannig að kjöljárnið liggja skakkt yfir kili fasteignarinnar. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að varnaraðili hafi notað misstórt timbur eða hafi borið að framkvæma verkið með öðrum hætti með hliðsjón af ástandi fasteignarinnar þegar verkið hófst.

Fyrir liggur að skekkja er í járn þaksins, kjöljárni og á hornum þakrenna en umfang skekkjunnar og orsök hennar liggur hins vegar ekki fyrir. Með hliðsjón af gögnum málsins er nefndinni ekki fært að fallast á að skekkju í þakinu sé að rekja, í heild eða hluta, til þjónustu varnaraðila þannig að um galla sé að ræða í skilningi 9. gr. þkpl.

IV.1.2. Frágangur timburs

Sóknaraðili hefur bent á að frágangi á timbri á endum þaksins sé ábótavant. Af gögnum málsins verður ráðið að bert timbur sé sýnilegt undir járn þaksins. Þar af leiðandi getur raki við vissar aðstæður komist að timbrinu sem með tímanum getur valdið rakaskemmdum á ysta timbrinu ef ekki loftar þar um. Ekki verður þó ráðið af gögnum málsins að það geti valdið leka inn í fasteignina sjálfa, líkt og sóknaraðili hefur bent á. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þkpl. skulu verk byggð á og unnin af fagþekkingu. Ákvæðið hefur þó ekki í för með sér að óheimilt sé að gera samning um vinnu verks þar sem gerðar eru

minni kröfur en í öðru sambærilegu verki. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl. kemur fram að samningur aðila gildi í öllum tilvikum við slíkar aðstæður. Fallist er á það með sóknaraðila að flasningar gætu komið í veg fyrir möguleika á rakaskemmdum með því að vatn renni yfir flasningarnar í rennurnar í stað þess að geta blásið að timbrinu. Hins vegar verður ekki séð að skylda sé að setja flasningar við slíkar aðstæður eða að uppsetning flasninga sé hefðbundinn hluti þess verks sem málsaðilar sömdu um.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl. er seljanda þjónustu skylt að upplýsa neytanda um það sem hann veit eða má vita. Ef neytandinn er fagmaður á viðkomandi sviði, eða hefur fagmann sér til aðstoðar við samningsgerðina, má, samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl., gera vægari kröfur til upplýsingaskyldu seljanda. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að notkun flasninga hafi komið til tals fyrir eða við vinnu verksins. Eiginkona sóknaraðila og annar eigandi fasteignarinnar er byggingaverkfræðingur að mennt og telst því sérfróð á viðkomandi sviði. Í tölvupósti þann 22. ágúst 2019, þegar verkinu var lokið, benti varnaraðili sóknaraðila á tvo möguleika til að vernda timbrið, annars vegar að mála það eða klæða þakskyggnið með 2 mm hvítu áli bæði að framan og undir. Kaup á flasningum eða annarri sambærilegri vörn hefði falið í sér aukinn kostnað fyrir sóknaraðila vegna verksins enda ekki um hluta umsamins verks að ræða. Verður því ekki séð að verkið sé haldið galla af þeim sökum að ekki voru settar upp flasningar. Þá hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að timbrið hafi orðið fyrir skemmdum þannig að ekki hafi verið unnt að koma sambærilegri vörn upp eftir lok verksins gegn greiðslu fyrir þá vinnu.

Sóknaraðili hefur bent á að varnaraðili hafi borað loftunargöt með óreglulegu millibili sem feli í sér útlitslegt lýti á fasteigninni. Af gögnum málsins verður ráðið að slík göt séu til þess fallin að bæta öndun þaksins. Fallist er á það með sóknaraðila að götin séu með óreglulegu millibili og hefði mátt gæta betur að útliti þeirra á ákveðnum stöðum. Hins vegar verður ekki séð að loftunargötin, sem staðsett eru undir þakkantinum, hafi verið gerð í ósamræmi við faglegar kröfur eða skemmi ásýnd fasteignarinnar að því marki að um galla sé að ræða í skilningi 9. gr. þkpl., sbr. 1., 4. og 5. tölul. ákvæðisins.

IV.1.3. Lagning þakpappa

Sóknaraðili telur að lagning þakpappans hafi verið framkvæmd með ófullnægjandi hætti sem valdi því að þakið sé ekki nægilega vatnsvarið þar sem sú aðferð sem varnaraðili hafi notað við lagningu hans hafi valdið því að þakpappi skarist ekki nægilega í báðir áttir yfir brúnir þaksins. Ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að lagning þakpappans hafi verið haldin annmarka og að vatnsvörn þaksins sé ekki fullnægjandi af þeim sökum en sönnunarbyrði þess efnis hvílir á sóknaraðila. Er því ekki fallist á að þjónusta varnaraðila sé haldin galla vegna aðferðar eða útkomu af lagningu þakpappans.

IV.1.4. Þakrennur og þakjárn

Sóknaraðili hefur bent á að þakrennur hafi ekki verið festar með tryggum hætti og varnaraðila hafi borið að nota auka festingar og hafa bil milli festinga aðeins 40 cm. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að þakrennurnar séu veikari en ella þrátt fyrir að valkvæðar auka festingar, s.k. „gutter rods“ hafi ekki verið notaðar. Þá hefur ekkert verið lagt fram sem sýnir fram á að varnaraðila hafi borið að hafa aðeins 40 cm milli festinga vegna snjóþunga á svæðinu. Af gögnum málsins verður ráðið að almennt sé bil milli festinga 60 cm en varnaraðili hafi hins vegar, vegna snjóþunga, haft styttra bil á milli en mælt er fyrir um, þ.e. 52 til 53 cm. Verður því ekki séð að verkið sé haldið galla af þeim sökum enda hefur ekkert verið lagt fram sem bendir til veikleika í þakrennunum.

Sóknaraðili hefur bent á að þakjárníð sé of stutt og að vatn renni ekki eðlilega í rennurnar. Samkvæmt 5. tölu. 1. mgr. 9. gr. þkpl. verður þjónusta, með tilliti til notagildis, að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda, enda uppfylli hún eðlilegar kröfur. Strangari kröfur eru gerðar við mat á galla ef neytandi er sérfræðingur á sínu sviði líkt og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl. Að mati sérfræðingsins, sem nefndin leitaði til, er háð erfiðleikum að meta það á mynd hvort vatn leiti raunverulega úr lágbaru og beint ofan í þakrennuna. Þar sem ekkert liggur fyrir sem sýnir fram á að vatn renni ekki eðlilega í rennurnar vegna lengdar þakjárnsins er ekki unnt að líta svo á að rennurnar séu haldnar galla sem felist í því að þær virki ekki með eðlilegum hætti.

Ekki verður séð að einstakir verkþættir hafi verið unnir í ósamræmi við það sem sóknaraðili óskaði eftir, í ósamræmi við það sem samið var um milli málsaðila eða í ósamræmi við faglegar kröfur. Þá hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að þjónustan hafi minna notagildi en sóknaraðili hafi mátt gera kröfu um vegna atriða sem rekja megi til varnaraðila og þeirrar þjónustu sem innt var af hendi af hans hálfu. Með hliðsjón af öllu framangreindu er nefndinni ekki fært að fallast á það með sóknaraðila að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla í skilningi 9. gr. þkpl.

IV.2. Fjárhæð greiðslukröfu vegna verksins

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist hærri greiðslu en eðlilegt getur talist fyrir þau verk sem unnin voru í tímavinnu. Þau verk fólust í að skipta um timbur í klæðningu, negla upp klæðningu, endurnýja borð í þakkanti og ganga frá kjöljárni. Greiðslukrafa varnaraðila fyrir þann hluta verksins er að fjárhæð 1.121.052 krónur og eru alls 115 klukkustundir skráðar á þá vinnu. Reikningar vegna framangreindra verka námu um 75% af tilboði varnaraðila við að skipta út þakjárninu og þakpappa. Segir sóknaraðili að það sé nokkuð umfram þann kostnað sem sóknaraðili hafi mátt búast við og varnaraðila hafi borið að upplýsa sóknaraðila um kostnaðinn og gefa sóknaraðila færi á að bregðast við. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi, með tölvupósti þann 16. ágúst árið 2019, greint sóknaraðila frá því að þegar járníð hafi verið rífið af þakinu hafi komið í ljós að lélegt timbur hafi verið notað þegar þakinu var breytt og þörf á að skipta því út. Þá verður einnig að líta til þess að sóknaraðila var kunnugt um að krafist yrði greiðslu fyrir framangreind verk í tímavinnu. Var því ekki um ófyrirséðan kostnað að ræða í skilningi þkpl. og verður að meta kröfu sóknaraðila á grundvelli 28. gr. þkpl. Ákvæðið fjallar um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð með tilboði eða verðáætlun og er svohljóðandi:

„28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjölda eða efniseiningu ræðst verðið samkvæmt 28. gr. þkpl. á því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi séu hæfileg ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi. Í álitni sérfróðs aðila, sem nefndin leitaði til við úrlausn málsins, er ekki talið að greiðslukrafa varnaraðila sé há með hliðsjón af umfangi verksins. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að greiðslukrafa varnaraðila sé ekki í samræmi við það verk sem sannanlega var unnið í þágu

sóknaraðila í tímavinnu. Er nefndinni því ekki fært að fallast á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu eða lækkun reikningsins af þeim sökum.

Sóknaraðili hefur bent á að ekkert liggi fyrir um að vinna hafi verið unnin við að brjóta skorstein á þaki fasteignarinnar lengra niður eða um gerð loftunarrása milli sperra. Þá hafi varnaraðili ekki upplýst sóknaraðila um slík aukaverk eða fengið samþykki fyrir þeim. Áður en varnaraðili hóf vinnu við verkið hafði verið búið að leggja þak yfir skorsteininn og brjóta hann niður að hluta. Ekki verður séð að sóknaraðili hafi minnst á skorsteininn fyrir eða við framkvæmd verksins og verður því ekki annað séð en að um eðlilegan hluta af fullnægjandi framkvæmd verksins hafi verið um að ræða. Þá verður ekki annað séð en að þörf hafi verið á loftunarrásum til að koma í veg fyrir rakasöfnun undir þakinu. Er því ekki unnt að fallast á að um viðbótarverk hafi verið að ræða sem hafi ekki falist í samningi málsaðila. Af tölvupóstsamskiptum málsaðila verður ráðið að varnaraðili hafi tilkynnt sóknaraðila þann 12. ágúst 2019 að skorsteinninn hafi verið brotinn lengra niður, sett einangrun ofan í hann og neglt yfir hann auk þess sem loftunarrásir hafi verið gerðar. Sóknaraðili gerði ekki athugasemdir við þann tölvupóst. Ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að sú vinna hafi ekki verið unnin í raun. Er því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu þess hluta reikningsins.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist hærri greiðslu en samið var um fyrir að henda rusli. Í upphaflegu tilboði sínu vegna gluggaskipta tók varnaraðili fram að förgun á rusli væri ekki innifalin í tilboðinu. Sóknaraðili óskaði eftir því þann 27. febrúar 2019 að förgun á rusli yrði sett sem kostnaðarliður í tilboðinu. Þann 29. febrúar bætti varnaraðili við tilboðið að greiðsla fyrir förgun á tilfallandi rusli væri 50.000 krónur. Síðar krafðist varnaraðili greiðslu til viðbótar fyrir förgun á rusli að fjárhæð 98.544 krónur.

Ef seljandi þjónustu hefur látið neytanda verðáætlun í té má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun samkvæmt 29. gr. þkpl. Í 30. gr. þkpl. kemur fram að þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun beri honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir.

Ekki verður ráðið að varnaraðili hafi gert nokkurn fyrirvara við tilboð sitt vegna förgunar á rusli. Varnaraðili hefur ekki bent á orsök þess að sá kostnaðarliður tæplega þrefaldaðist en ekkert liggur fyrir um að aukinn kostnaður hafi orðið vegna aðstæðna sem varnaraðili gat ekki séð fyrir. Með hliðsjón af 29. gr. þkpl. er fallist á það með sóknaraðila að varnaraðila beri að lækka greiðslukröfu sína vegna förgunar á rusli um 98.544 krónur í samræmi við fyrirvaralaust tilboð varnaraðila.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að lækka greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila, X, um 98.544 krónur. Öðrum kröfum sóknaraðila er hafnað.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson